

Nd.

313. Breytingartillögur

[120. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá Sigurvin Einarssyni, Lúðvík Jósepssyni og Þórarni Þórarinssyni.

1. Við 1. gr.
 - a. Á eftir a-lið komi nýr stafliður, svo hljóðandi:
Framan við 7. mgr. bætist:
Hvert veitingahús, er vínveitingaleyfi hefur, skal halda uppi fullkominni þjónustu án vínveitinga a. m. k. eitt laugardagskvöld af hverjum fjórum, eftir kl. 8 síðdegis, samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs.
 - b. Í stað „kr. 10 000.00“ í b-lið komi: kr. 16 000.00.
2. Við 3. gr.
 - a. Í stað orðanna „á annan fullnægjandi hátt“ í 3. mgr. komi: ökuskirteini.
 - b. Á eftir 3. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
Verði ungmenni, innan 20 ára aldurs, uppvíst að ölvun, skulu viðkomandi lögregluyfirvöld þegar í stað rannsaka, hver selt eða veitt hafi því áfengið, og skulu hinir seku sæta refsingu samkvæmt 45. gr. þessara laga.
3. Við 5. gr. Í stað orðanna „á annan fullnægjandi hátt“ komi: ökuskirteini.
4. Við 6. gr. Í stað orðanna „á annan fullnægjandi hátt“ í 2. mgr. komi: ökuskirteini.
5. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi, og breytist greinatala samkv. því:
Á eftir 1. mgr. 24. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:
Nú ekur ölvaður maður bifreið, og skal hann þá sviptur ökuleyfi, eða rétti til að öðlast það, í eitt ár minnst. Hafi hann valdið slysi í akstri undir áhrifum áfengis á manni eða mönnum, skal hann sviptur ökuleyfi, eða rétti til að öðlast það, í þrjú ár minnst, auk þess varðar brotið fangelsi allt að þremur árum.
6. Á eftir 7. gr. (verður 8. gr.) komi fjórar nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatala samkv. því:

- a. (9. gr.).
 - 1. Í stað orðanna „Fyrsta sinni kr. 4000—20000. Öðru sinni kr. 8000—40000. Þriðja sinn kr. 16000—80000“ í 1. tölulið 33. gr. laganna komi: Fyrsta brot kr. 16000—80000. Ítrekað brot kr. 60000—300000.
 - 2. 3. og 4. mgr. 1. tölul. 33. gr. falli niður.
 - 3. Í stað orðanna „400—12000 krónum“ í 2. tölul. 33. gr. komi: 1500—45000 krónum.
- b. (10. gr.).
 - 1. Í stað orðanna „2000—20000“ í 1. mgr. 34. gr. laganna komi: 8000—80000.
 - 2. Síðari másl. 1. mgr. 34. gr. (Skip er að veði o. s. frv.) falli niður.
- c. (11. gr.). Í stað orðanna „2000—20000“ í 36. gr. laganna komi: 8000—80000.
- d. (12. gr.). Í stað orðanna „800—8000“ í 1. mgr. 37. gr. laganna komi: 3000—30000, og í stað orðanna „1600—20000“ komi: 6000—80000.
- 7. Við 8. gr. (verður 13. gr.). Í stað orðanna „1500—15000“ komi: 3000—30000, og í stað orðanna „3000—30000“ komi: 6000—80000.
- 8. Við 9. gr. (verður 14. gr.). Í stað orðanna „500—5000“ komi: 1000—16000.
- 9. Við 10. gr. (verður 15. gr.).
 - a. Í stað orðanna „500—2000“ í 1. mgr. komi: 1000—10000.
 - b. 2. mgr. orðist svo:

Sala, veitingar eða hvers konar afhending áfengis til ungmenna yngri en 20 ára varðar sektum, í fyrsta sinn kr. 5000—50000. Ítrekað brot skal, auk sekta, varða fangelsi allt að 30 dögum.
- 10. Við 11. gr. (verður 16. gr.). Í stað orðanna „500—8000“ í 1. mgr. komi: 1000—30000, og í stað orðanna „1000—16000“ í sömu mgr. komi: 1600—60000.
- 11. Við 12. gr. (verður 17. gr.).
 - a. Í stað orðanna „500—5000“ í 1. mgr. komi: 1000—16000, og í stað orðanna „500—4000“ í sömu mgr. komi: 1000—8000.
 - b. Í stað orðanna „500—10000“ í 2. mgr. komi: 1000—30000.
- 12. Við 13. gr. (verður 18. gr.). Í stað orðanna „500—5000“ í 1. mgr. komi: 1000—8000.
- 13. Við 14. gr. (verður 19. gr.). Greinin orðist svo:
 - 45. gr. laganna orðist svo:
 - a. Brot gegn 22. og 23. gr. varða sektum: Fyrsta sinn 1500—8000. Öðru sinni 3000—16000 kr.
 - b. Brot gegn 24. gr. varða sektum: Fyrsta sinn 3000—16000 kr. Öðru sinni 5000—25000 kr.
 - c. Auk sekta kemur stöðu- og réttindamissir, eins og segir í 22.—24. gr. Ítrekuð brot skulu varða fangelsi.
- 14. Við 15. gr. (verður 20. gr.). Í stað orðanna „500—20000“ komi: 1000—60000.